

L Ö G

53

27. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit og gera að prestssetri.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Vatnsleysu í Viðvíkursveit í Skagafirði og gera að prestssetursjörð í Viðvíkurprestakalli, í stað Viðvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

54

27. júní

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verði 12. og 13. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

A. (12. gr.). Heimilt er 6 eða fleirum nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa á sambandssvæðinu 1000 kýr eða fleiri, og setja sér samþykktir og starfsreglur eftir fyrirmynd, er Búnaðarfélag Íslands gefur. Í samþykktum sé, meðal annars, ákveðið sameiginlegt eftirlit félaganna og upplýsingastarfsemi um beztu kynstofnana, að fitumælingar séu eigi færri en 6, að auk venjulegrar ættfærslu nautgriparæktarfélaganna sé haldin spjaldskrá um allar kýr, sem gefa yfir meðaltalsfitumagn, og nythæð.

B. (13. gr.). Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta styrks úr ríkissjóði, sem nemur einni krónu á hverja reiknaða árskú innan sambandsins, ef það fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

a. Haldi starfsmann, er lokið hefur prófi við búnaðarháskóla, eða aflag sér fræðslu í búfjárrækt og sannað hæfni sína til starfsins við prófraun, er Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast.

b. Að starfsmaður þessi hafi, auk forstöðu sinnar um eftirlit nautgriparæktarfélaganna, umsjón með starfandi fóðurbirgðafélögum á svæðinu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.